

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Húsavíkurkaupstaður annast sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í þéttbýli samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn bæjartækni-fræðings og eftirliti heilbrigðisfulltrúa kaupstaðarins. Húsavíkurkaupstaður getur falið verktökum að annast hirðuna og samþykkt starfsemi verktaka sem bjóða fram sjálfstæða þjónustu á þessu sviði.

2. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Húsavíkurkaupstað, þar sem sorphirða er framkvæmd, er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn ákveður. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á veturna og halda greiðfærri leið að þeim, svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum skal sett í sérstaka poka, sem bæjarfélagið útvegar.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera fristandandi, hún fest á húsvegg eða henni komið fyrir í sorptunnu. Grindinni skal komið svo fyrir, að sorppokinn hangi 2–5 cm yfir jörð, gólfi eða tunnubotni. Lok skal vera yfir grindinni.

Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka. Fjöldi sorpgrinda skal miðaður við að pokarnir yfirfyllist ekki milli tveggja tæminga. Við hvert hús skal vera a.m.k. ein grind fyrir hvert heimili ásamt aukagrindum eftir því sem nauðsynlegt er. Bæjartæknifræðingur og heilbrigðisfulltrúi úrskurða um hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda grinda (sorppoka).

Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymslufláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ. e. allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorpílát mold, möl, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h. Einnig er bannað að setja glóð eða heita ösku í sorpílátin. Spilliefni (umhverfismengandi úrgangur) mega ekki blandast því sorpi sem fer beint til förgunar og mega þau ekki fara í sorpílátin. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skemmi sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Blautt sorp má aðeins setja innpakkað í plast eða pappír í ílátin.

Sorpílát skulu vera af þeim gerðum sem bæjartæknifræðingur samþykkir og ekki þyngri en svo, að auðvelt sé að meðhöndla þau. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílát meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum og að jafnaði einu sinni í viku. Á stórhátíðum skal hreinsa sorp eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á.

Fyrir stórhátíðir, eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum, geta húseigendur fengið aukapoka í sorpgrindur eftir þörfum, hjá þeim aðila sem sér um sorphreinsunina.

5. gr.

Á gámasvæði bæjarins skal koma með allt sorp sem ekki telst húsasorp og fellur ekki undir 3. gr.

Bílhrae og stóra brotajárnshluti skal flytja á afmarkað svæði, samkvæmt nánari fyrir-mælum bæjartæknifræðings og heilbrigðisfulltrúa.

6. gr.

Fyrirtækjum og öðrum þeim aðilum, sem hafa með höndum starfsemi er krefst tíðari og viðameiri sorphirðu en tilgreint er í 4. gr., ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Þeim ber að útvega ruslagrind vegna sorppoka fyrir neyslusorp og skal hún vera aðgengileg fyrir sorphreinsunarmenn. Annan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á þar til ætlað móttökusvæði (gámasvæði bæjarins, sorpeyðingarstöð, móttökusvæði fyrir brotamálma) skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa og bæjartæknifræðings og skal ítrasta þrífnaðar gætt.

7. gr.

Almenn sorphirða samkvæmt 3 gr. greiðist af bæjarsjóði. Þó skal bæjarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá, sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign, sem nýtur framangreindrar þjónustu, og miðast við stærð og fjölda íláta. Húsavíkurkaupstað er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign. Njóti íbúar í dreifbýli og eigendur sumarhúsa sorphirðuþjónustu þá greiði þeir samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar í samræmi við veitta þjónustu.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðisfulltrúa eða bæjartæknifræðings.

9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það bæjarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem gera þá viðunandi ráðstafanir til að bætt verði úr. Sorphirðumönnum skal óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað. Með samþykkt þessari fellur úr gildi samþykkt nr. 639/87 um sorphreinsun og sorpeyðingu í Húsavíkurkaupstað.

Umhverfisráðuneytið, 29. september 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.